

**Ed.**

**622. Frumvarp til laga**

[314. mál]

um sjúkraliða.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Rétt til að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim, sem lokið hefur prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands eða öðrum skóla hér á landi, er heilbrigðisráðuneytið viðurkennir.

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar Sjúkraliðafélags Íslands.

3. gr.

Óheimilt er að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. þessum lögum.

4. gr.

Sjúkraliða ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfið.

5. gr.

Sjúkraliðar skulu aðeins starfa undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings.

6. gr.

Sjúkraliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó viðkomandi hafi látið af störfum.

7. gr.

Ef sjúkraliði vanrækir skyldur sínar eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis, skal landlæknir áminna hann. Komi áminningin ekki að haldi, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að hlutaðeigandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

Nú hefur sjúkraliði verið sviptur starfsleyfi samkvæmt 1. málsg. og er þá ráðherra heimilt að veita honum leyfið aftur, enda liggi fyrir meðmæli landlæknis.

8. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974 að öðru leyti en þar sem kveðið er á um nám sjúkraliða.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lagaákvæði um sjúkraliða er að finna í 8. gr. hjúkrunarlaganna nr. 8/1974, en þar segir m. a. að heimilt sé að þjálfa sjúkraliða til aðstoðar við hjúkrun og að um nám þeirra, starfsréttindi og skyldur skuli kveðið í reglugerð. Þegar þetta ákvæði var lögfest var nám sjúkraliða starfsnám sem hægt var að stunda við nokkur af stærstu sjúkrahúsum landsins. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið, og nú fer nám sjúkraliða fram í sérstökum skóla, Sjúkraliðaskóla Íslands, Reykjavík, og í nokkrum fjölbrautaskólum landsins.

Á undanförunum árum hafa sérlög verið sett um hinar ýmsu starfsstéttir heilbrigðisþjónustunnar. Á þann hátt hefur verið reynt að lögvernda starfsheiti, starfsréttindi og skyldur þessara stétta með það fyrir augum að eingöngu þeir sem til þess eru taldir hæfir sakir náms og starfsreynslu vinni slík störf. Þarf ekki að fjölyrða um nauðsyn þess.

Sjúkraliðafélag Íslands hefur farið þess á leit að þetta gildi einnig um sjúkraliða, þ. e. a. s. að kveðið verði á um starfsheiti þeirra, réttindi og skyldur í sérlögum. Sér ráðuneytið ekki ástæðu til annars en verða við þeirri beiðni og er frumvarp þetta því fram komið.

Ástæðulaust er að fjalla hér um efnisatriði frumvarpsins, þar sem þeim svipar í öllum meginatriðum til laga sem sett hafa verið á undanförunum árum um hinar einstöku heilbrigðisstéttir. Þó er rétt að vekja athygli á því, að í engu er ætlunin að breyta störfum sjúkraliða og áfram er gert ráð fyrir því að þeir starfi undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðinga sbr. 5. gr. frumvarpsins. Hlutverk þeirra verður sem fyrr að aðstoða við hjúkrun.

Ennfremur er rétt að vekja athygli á gildistökuákvæðinu í 9. gr. þar sem fram kemur að ekki er ætlunin að afnema gildandi ákvæði um nám sjúkraliða, en þau er að finna í áður nefndri 8. gr. hjúkrunarlaganna. Annars væru engin ákvæði um námið í lögum, en frumvarpi þessu er eingöngu ætlað að fjalla um starfsheiti, réttindi og skyldur. Eðlilegur fylgifiskur yrði því að setja ákvæði um námið í sérlög, en í dag er kveðið á um það í reglugerð, sbr. reglugerð nr. 352/1983. Vitanlega eiga þó slík ákvæði best heima í lögum um framhaldsskóla, sem væntanlega líta dagsins ljós áður en langt um líður. Þá verður væntanlega ekki lengur á verksviði heilbrigðisráðuneytis að standa fyrir rekstri skóla eins og nú á sér stað í nokkrum tilvikum, þ. á m. Sjúkraliðaskóla Íslands.